

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Hraunborgir í landi Hraunkots, svæði B.

Í breytingunni felst að á svæði B verður heimilt að reisa 150 m² frístundahús og 25 m² aukahús á hverri lóð í stað 100 m² og 8 m². Nýtingarhlutfall má ekki vera hærra en 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. júlí 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.